

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Fagrilundur 3A og 3B.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 24. mars 2020 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 2. áfanga, vegna lóða nr. 3A og 3B við Fagralund. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum milli lóðanna. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skólabraut 37.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. september 2019 breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Skólabrautar 37. Í breytingunni felst að heimild til að byggja kvist og breyta inn-gangi. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurgata 107.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 28. janúar 2020 breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Suðurgötu 107. Í breytingunni felst að byggja sólstofu yfir hluta af svölum. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Asparskógar 19 og 21.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 28. janúar 2020 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 1. áfanga, vegna lóða við Asparskóga 19 og 21. Í breytingunni felst að byggingarreitir eru stækkaðir og nýtingarhlutfall eykst úr 0,51 í 0,58. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lækjarflói 10.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 24. mars 2020 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis, vegna lóðar við Lækjarflóa 10. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt í tvær lóðir Lækjarflóa 10 og 10A, nýtingarhlutfall verður 0,35. Breytingin er samþykkt skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 23/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturgata 103.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar samþykkti 25. júlí 2019 breytingu á deiliskipulaginu Krókatún – Vesturgata, vegna Vesturgötu 103. Í breytingunni felst að skilgreindur er byggingarreitur og heimiluð stækkun hússins. Nýtingarhlutfall verður 0,20. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 1. apríl 2020.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.